

Kirkjuþing 2021-2022

40. mál – þskj.

T I L L A G A

**að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins
nr. 952/2009, með síðari breytingum.**

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Berglindi Hönnudóttur.

Frsm. Berglind Hönnudóttir.

1. gr.

2. málsl. 1. gr. orðast svo:

Þingið skal haldið árlega á tímabilinu ágúst fram í maí og starfi í tvo daga yfir helgi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022.

Greinagerð.

Samkvæmt núverandi reglum þarf KUF að vera haldið á vorin sem getur verið óheppilegur tími fyrir marga. Skólastarf er þar oft í hámarki m.a. vegna lokaprófa, og því erfitt að manna þingið. Þá hefur fjarlægðin við hið almenna kirkjuþing skapað tenglarof við KUF. Reglubreytingin gerir það kleyft að bregðast við ýmsum aðstæðum og hafa KUF á þeim tíma sem að hentar þingmönnum. Slíkt ákvæði hefði sem dæmi verið heppilegt á tíma heimsfaraldurs þar sem KUF féll niður árið 2020.